



Vorskýrsla 2017

Ábyrgðarmaður: Hanna Dóra Björnsdóttir

VARMAHLÍÐARSKÓLI



SKAGAFIRÐI

Innihald

Inngangur	4
Skólaárið 2016-2017	4
Annáll skólaársins 2016 - 2017	5
Árshátíð eldri nemenda.....	9
Árshátíð yngri nemenda.....	10
Bókasafn Varmahlíðarskóla.....	11
Starfsskýrsla veturinn 2016 - 2017.....	11
Sumarlestur 2016.....	13
Byrjendalæsi.....	14
Danmerkurferð 10. bekkjar	15
Félagsmál 1.-6. bekkjar	15
Félagsmál 7. - 10. bekkjar.....	16
Frá foreldrafélagi	17
Gaman saman.....	17
Heilsueflandi grunnskóli.....	18
Heilsugæsla	18
Litla upplestrarkeppnin	19
Náms- og starfsráðgjöf.....	20
Nýsköpunarkeppni grunnskóla.....	20
Eineltisáætlun Olweusar	21
Skín við sólu Skagafjörður	22
Skólablaðið	22
Skólahreysti.....	23
Sérkennsla og stuðningur við nemendur	23
Náms- og starfsráðsgjafi.....	24
Nemendaverndarráð.....	24
Talmeinafræðingur	24
Sálfræðingur	25
Stóra upplestrarkeppnin	25
Stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans á Tröllaskaga	25
Sveitadagar vorið 2017	26
Valgreinar í 8. – 10. bekk.....	26
Vinaliðaverkefnið.....	27
Vorferð 1. – 3. bekkjar	28

Vorferð 4. og 5. bekkjar.....	29
Vorferð 6. bekkjar 15. – 16. maí	30
Vorferð 7.- 9. bekkjar.....	31



Inngangur

Vorskýrsla er hluti af skólanámskrá Varmahlíðarskóla. Í vorskýrslunni (árskýrslu skólaársins) er fjallað um það sem hæst ber í starfsemi skólans 2016-2017. Vorskýrslunni er í senn ætlað að vera verkfæri í innra mati skólans og mikilvæg heimild um skólastarf og inntak þess. Skýrslan er nokkurs konar svörun við starfsáætlun skólans frá hausti og samantekt á hvernig unnist hefur úr markmiðum og áformum sem þar var lagt upp með. Starfsáætlun er að finna á heimasíðu skólans. Einnig má ávallt nálgast á heimasíðu ýmsar upplýsingar um daglegt starf, almenna starfshætti og stefnu skólans.

Í vorskýrslunni birtast skýrslur um öflugt og skapandi starf sem starfsfólk, nemendur og foreldrar eru stoltir af. Höfunda er getið við hverja greinagerð. Ragnheiði Sövik er þökkueð verkstjórn og utanumhald um efnisöflun í skýrsluna auk yfirlesturs á skýrslunni allri.

Stjórnendur og starfsfólk Varmahlíðarskóla þakkar öllum aðilum gott og gefandi samstarf á skólaárinu 2016-2017 og að venju hlökkum við til komandi verkefna.

Skólaárið 2016-2017

Í Varmahlíðarskóla takast skagfirsk börn á við metnaðarfull verkefni, bæði í leik og starfi. Við væntum þess að skólastarfið sé framsækið en skólinn fái samt notið sjarma sinnar sérstöðu sem sveitaskóli. Varmahlíðarskóli er grunnskóli fyrir 1.-10. bekk, staðsettur í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi.

Skólinn var settur við hátíðlega athöfn 24. ágúst. Skólastjóri ávarpaði gesti og bauð nemendur í 1. bekk sérstaklega velkomna. Nemendur fengu afhent pennaveski að gjöf sem tákni fyrir nýtt upphaf og byrjun skólagöngunnar. Nemendur að hausti voru 118. Samkensla árganga var í 1.-2. bekk og 4.-5. bekk.

Yfirlit yfir bekki, fjölda drengja, stúlkna og umsjónarkennara

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1.	6	4	10	Birgitta Sveinsdóttir og Þyrej Hlífarsdóttir
2.	3	3	6	Birgitta Sveinsdóttir og Þyrej Hlífarsdóttir
3.	5	7	12	Sara Gísladóttir
4.	5	3	8	Hafdís Guðlaug Skúladóttir
5.	3	3	6	Hafdís Guðlaug Skúladóttir
6.	8	6	14	Sigrún Benediktsdóttir
7.	9	3	12	Helga Sigurðardóttir
8.	7	10	17	Trostan Agnarsson
9.	6	11	17	Ólafur Atli Sindrason
10.	9	7	16	Helga Rós Sigfúsdóttir

Samtals	61	57	118	
---------	----	----	-----	--

Starfsmenn skólans voru 37 á skólaárinu. Stjórnendur voru þrír, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu. Kennarar með réttindi voru 17 að meðtöldum stjórnendum og tveir leiðbeinendur í hlutastarfi við list- og verkgreinakennslu. Stöðugildi til kennslu eru 13,25. Stuðningsfulltrúar þrír í 2,75 stöðugildum. Skólaliðar fjórir í 3,4 stöðugildum. Einn þroskaþjálfari var í 85% starfi, námsráðgjafi í 50% starfi, ritari í 80% starfi og húsvörður í fullu starfi. Matráðar voru fjórir í 3,43 stöðugildum. Starfsmenn íþróttamiðstöðvar voru fjórir, þar af er forstöðumaður íþróttamiðstöðvar í 100% starfi. Aðrir starfsmenn í íþróttahúsi voru þrír í 2,4 stöðugildum.

Við fengum grunnskólakennara til starfa í smíðakennslu frá hausti er María Eymundsdóttir byrjaði sem eini nýi starfsmaðurinn þetta haustið. Að auki hóf Helga Rós Sigfúsdóttir grunnskólakennari störf sem námsráðgjafi samhliða því að stunda framhaldsnám í náms- og starfsráðgjöf.

Skólaárið var tvískipt, í haust- og vorönn sem lauk hvorri um sig með námsmati. Skólastarfið var fjölbreytt að vanda og ber skýrsla þessi því góðan vitnisburð. Fjórir nemendur komust áfram í úrslit Nýsköpunarkeppni grunnskólanna með þrjár hugmyndir, ein hugmyndin endaði í fyrsta sæti og önnur hugmynd í öðru sæti, ásamt því að fá sérstaka viðurkenningu sem er tæknibikar sem veittur er fyrir notkun á rafeindasviði. Við áttum fulltrúa í úrslitum í stærðfræðikeppni 9. bekkjar og FNV sem hreppti annað sætið í lokakeppninni.

Skólaslit og útskrift nemenda fór fram við hátíðlega athöfn í Miðgarði þann 24. maí, að viðstöddu fjölmenni. Nemendur 4. og 5. bekkjar fluttu erindi úr ljóðinu *Skín við sólu Skagafjörður* á sinn sérstaka hátt. Bjarni Maronsson flutti ávarp og afhenti nemendum 4. og 5. bekkjar bókagjöf f.h. Kaupfélags Skagfirðinga, frumkvöðuls og styrktaraðila Skín við Sólu verkefnisins. Útskriftarnemendur tóku við útskriftarskírteinum og veittar voru viðurkenningar fyrir góðan námsárangur. Skólasöngurinn var sunginn við góðar undirtektir. Að athöfn lokinni var gestum boðið til hefðbundins kaffisamsætis í mötuneyti skólans.

Varmahlíð, vor 2017
Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri.

Annáll skólaársins 2016 - 2017

Á tímamótum eins og skólaslitum er gott að líta um öxl og minnst þess sem veturinn hefur fært okkur.

Í september gengu 9. og 10. bekkur í **Hildarsel** í vel heppnaðri útivistarferð.

8. september var **hreyfidagur** með tilheyrandi sprelli og áskorunum fyrir nemendur. Þann dag var reyndar sett sögulegt met í leyfum þar sem unglingar þyrptust á tónleika með Justin Bieber í Kópavogi.

Hlaupið var í **Norræna skólahlaupinu** í september og **Umboðsmaður barna** kom og kynnti starfsemi sína. Umboðsmaður hvatti nemendur til þess að sækja um að starfa með ungmennaráði Umboðsmanns og í framhaldi af því varð einn nemandi héðan fulltrúi í ráðinu og hefur sótt fundi reglulega í vetur.

Við sóttum **Vinadaginn** að venju í október, fórum á Sauðárkrók og áttum góðar stundir með öðrum nemendum í Skagafirði og starfsfólki skólanna.

Gaman saman starfið var með hefðbundnum hætti, skólahópur heimsótti okkur í ýmsar kennslustundir og nemendur héðan fóru í heimsóknir í leikskólann. Það samstarf hefur fyrir löngu sýnt gildi sitt með mun öruggari fyrstu bekkingum í upphafi skólaársins.

10. bekkur heimsótti eldri borgara á **Löngumýri**, lásu upp og tóku í spil. Þetta samstarf er nú orðið hluti af skólastarfinu og báðum aðilum til gagns. Því er vert að halda vel utan um það.

Árshátíð yngri nemenda var haldin í nóvember og settu nemendur upp Ávaxtakörfuna. Sýningin var vel heppnuð og þar fóru ýmsir á kostum í hlutverkum sínum.

Vinabekkir hittust á Eineltisdaginn þann 8. nóv. Eins og við öll vitum starfar Varmahlíðarskóli undir merkjum **Olweusar** með það að markmiði að útrýma einelti og andfélagslegri hegðun. Það gleðilega er að í könnun á vegum verkefnisins mældist einelti minna í ár en í fyrra en **betur** má ef duga skal. Það er þannig að ef einn nemandi í okkar skóla telur sig verða fyrir einelti þá er það **einum of mikið** og **við** sem skólasamfélag þurfum að setja okkur það markmið að **allir nemendur telji sig örugga** í skólanum og verði ekki fyrir útilokun eða áreiti.

Desember rann upp með námsmati og undirbúningi jólanna. Jólafríð var óvenju stutt í ár og er það meðal annars ástæða þess að við slítum skóla svo snemma.

Piparkökuhúsakeppnin fór fram að venju og þar sýndu nemendur listræna hæfileika og frumleika. Piparkökumeistarar voru krýndir eins og hefð er fyrir. Það voru þær Jódís og Stefanía í 9. bekk.

Eftir jólafrí breyttist skólinn í glimmer og gleði þegar unglingsstigið æfði og setti upp söngleikinn **Mamma mía** undir stjórn Helgu Rósar. Var sýningin afar vel heppnuð og segja má að aðsókn hafi slegið öll fyrri met. Sýnt var í annað sinn fyrir nærri full húsi. Í þessari vinnu sýndu nemendur hvað hæfileikum þeir eru búnir og ýmsir unnu stóra sigra.

Allir hópar fóru í skíðaferðir í febrúar og mars.

Stóra upplestarkeppnin var haldin í skólanum og fulltrúar okkar tóku síðar þátt í lokakeppninni sem haldin var á Sauðárkróki. Þar hreppti einn af okkar nemendum **Einar Kárason**, þriðja sætið.

Níundi bekkur sótti hestadaga á Hólum í febrúar og 10. bekkur heimsótti FNV.

8. bekkur setti upp frumlega sýningu á Gunnlaugssögu ormstungu undir stjórn Trostans. Sýningar voru tvær í Héðinsminni og aðgangseyrir fór í sjóð sem notaður verður næsta haust þegar þessi árgangur fer í skólabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal.

Í mars tókum við þátt í undankeppni Skólahreysti á Akureyri. **Skólahreystiliðið** var skipað þeim Andra Snæ, Freyju Kolbrá, Dalmari Snæ og Guðnýju Rúnu, varamenn voru Ásta Aliya og Kristmar Helgi.

8.-10. bekkur fóru og hvöttu þátttakendur og notuðu ferðina líka til að heimsækja VMA og MA.

Í Skólahreysti taka þátt u.þ.b. 120 skólar á landvísu og í lokakeppnina komast 12 lið. Liðið okkar stóð sig svo vel, að þau komumst í úrslit nú í apríl í Laugardagshöll og þar stóðu keppendur sig líka með miklum sóma. Unglingastigið lagði land undir fót og hvatti okkar fólk.

Þegar heim var komið gistu þeir sem vildu í skólanum og vöknuðu við skólabjölluna á fimmtudagsmorgni.

Vert er að geta þessa að 9. og 10. bekkur fór aðra ferð til Reykjavíkur nú í vor ásamt öðrum jafnöldrum sínum í firðinum. Ferðinni var heitið á **Íslandsmót iðn- og verkgreina**. Þar sáu nemendur margt spennandi og ef til vill hefur þessi ferð áhrif á námsval einhverra í hópnum í framtíðinni.

Heilsueflandi verkefnið okkar starfa'ó undir merkjum lífsleikni í vetur og fengu við til okkar fyrirlesara um sjálfstyrkingu: Kristín Tómasdóttir og Guðni Fritzon komu í mars með fyrirlesturinn Út fyrir kassann. Þorgrímur Þráinsson kom til okkar nú í maí og var með fyrirlesturinn Vertu ástfanginn af lífinu fyrir 9. og 10. bekk. Hann fjallaði um sterka liðsheild fyrir 7. og 8. bekk. Þessa gesti gátum við fengið í heimsókn vegna styrks sem Heilsueflandi grunnskóli fékk frá forvarnarsjóði Landlæknisembættisins. Sá sjóður hefur verið okkur gjöfull síðustu ár og því verið hægt að bregða út af vananum í ýmsu tilliti.

Auk þessarar fyrirlestra var Maríta - forvarnafræðsla nú í vor.

Starfsmenn fengu einnig heimsókn **frá sjúkrabjálfa** sem var með leiðbeiningar um æskilega hreyfingu og beitingu líkamans í vinnunni.

Við áttum einn fulltrúa hana Jódísi Helgu Káradóttur, í **stærðfræðikeppni FNV og Menntaskólans á Tröllaskaga** nú í apríl. Hún stóð sig með sóma og náði öðru sæti.

Þjóðleikshópur skólans tók þátt í leiklistarhátíð Þjóðleiks ásamt þátttakendum frá Sauðárkróki, Hólmavík og Ísafriði. Hátíðin var haldin hér í **Varmahlíð** og tókst með ágætum. Nemendur okkar sýndu frábæra útfærslu á hárbeittu leikriti, Loddararnir, undir stjórn Írisar Olgu.

10. bekkur þreytti íþróttamaraþon í apríl og tókst það afar vel. Það var síðasti fjáröflunarliður fyrir ferðalag þeirra til Köben. Ferðalangarnir lögðu af stað í ferð sína aðfararnótt 15. maí. Að sögn fararstjóra tókst ferðin með ágætum og nemendur voru skólanum til sóma. Sumir fengu góða leiðsögn fararstjóranna og misstu ekki af besta tækinu í Tívolí.

Aðrir árgangar fóru í dagsferðir innan og utan héraðs. Í þeim var gróðursett, grillað, fræðst um sögustaði og brugðið á leik.

Nú um síðustu helgi tóku fjórir nemendur skólans þátt í nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Verkefni Indriða Ægis og Óskars Arons lenti í fyrsta sæti og Lilja Diljá og Þóra Emilía áttu verkefni í öðru sæti. **Frábær árangur.** Til hamingju með það hugmyndasmiðir. Verkefnin eru til sýnis hér í anddyri Miðgarðs nú í kvöld.

Síðustu dögum skólaársins var svo varið í vel heppnað stærðfræðipema. Verkefni voru fjölbreytt bæði úti og inni. M.a. fengum við heimsókn frá Háskóla Íslands. Gestirnir kenndu mið- og unglíngahópum vindmyllusmíði. Í stærðfræði velta nemendur ýmsu fyrir sér. Einhverjir veltu því fyrir sér hvort nashyrningar teljist til marghyrninga og Skagstrendingar til strendinga. Þegar skólaárið er gert upp hefur það verið gjöfult og skemmilegt.

Lára Gunnís Magnúsdóttir.



Árshátíð eldri nemenda

Föstudagskvöldið 13. janúar kl. 20 var árshátíð eldri nemenda haldin í Miðgarði. Að þessu sinni var settur upp söngleikurinn *Mamma mía*. Handritið af söngleiknum fengum við úr Höfðaskóla á Skagaströnd en þau höfðu fengið handrit úr Borgarleikhúsinu en stytt það og aðlagð. Leikstjóri var Helga Rós Sigfúsdóttir. Allir nemendur í 7. - 10. bekk tóku þátt í uppsetningunni.



Sviðsmenn voru Ellert Kárason, Kristmar Helgi Jónsson, Helgi Vagnsson, María Sigríður Hannesdóttir Berg og Brynjar Blær Freysteinnsson. Tæknimenn voru Einar Örn Einarsson, Stefán Gísli Haraldsson, Unnur Gottsveinsdóttir, Helgi Mednis Guðmundsson og Davíð Einarsson. Sviðsmynd gerði Íris Olga Lúðvíksdóttir ásamt nemendum 7. - 10. bekkjar og starfsfólki skólans. Nemendur útveguðu að mestu búninga sjálfir en eitthvað var fundið til í búningageymslu skólans. Undirspil af lögnum fengum við úr Borgarleikhúsinu, með milligöngu Höfðaskóla. Nemendur í 9. og 10. bekk sömdu dansana við lögin. Sigrún Benediktsdóttir og Ólafur Benóný Jónsson gerðu leikskrána. Miðinn var seldur á kr. 2.500 fyrir 16 ára og eldri og 1.000 kr. fyrir grunnskólanemendur utan Varmahlíðarskóla. Veislukaffi var í matsal skólans að sýningu lokinni. Boðið var upp á ferðir með frístundastrætó fyrir sýninguna sem margir nýttu sér. Árni Gunnarsson tók sýninguna upp og að þessu sinni var sýningin sett á Youtube.

Ball var haldið í Miðgarði eftir sýningu til kl. 00:30 fyrir 7. - 10. bekk og boðið var upp á ferðir með frístundastrætó eftir dansleik. Hljómsveit hússins sáu um tónlistina og kostaði kr. 1.500 inn á ballið. Mætingin á árshátíðarkvöldið fór fram úr björtustu vonum, en rúmlega 400 manns mættu í hús og horfðu á sýninguna. Því var ákveðið að halda aukasýningu, sem var haldin fimmtudaginn 19. janúar. Góð mæting var á hana og tókst hún einnig afar vel.



Helga Rós Sigfúsdóttir



Árshátíð yngri nemenda

Föstudaginn 18. nóvember var árshátíð yngri nemenda haldin í Miðgarði. Sýnt var leikritið *Ávaxtakarfan* eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur. Leikstjóri var Jenný Lára Arnórsdóttir. Allir nemendur í 1. – 6. bekk tóku þátt í sýningunni. Nemendur 6. bekkjar byrjaðu að æfa fimmtudaginn 27. október. Nemendur 1. - 5. bekkjar fengu að vita hvaða lög þeir þyrftu að læra og fengu svo danskennslu við lögin í seinni vikunni sem 6. bekkur sá alfarið um. Á hádegi þriðjudeginum 15. nóvember fóru svo allir bekkir í Miðgarð og æfðu þar.

Íris Olga og Guðmundur húsvörður sáu um gerð sviðsmyndar, með hjálp frá því starfsfólki og nemendum í 7. - 10. bekk sem höfðu tíma hverju sinni. Sviðsmenn voru Ásdís Ósk Halldórsdóttir, Lilja Margrét Óskarsdóttir og Guðmundur Smári Guðmundsson. Ljósamenn voru Einar Örn Einarsson og Helgi Mednis Guðmundsson. Hljóðmenn voru Aníta Ýr Atladóttir og Indriði Ægir Þórarinsson. Búninga og leikmuni komu nemendur með að heiman, fengu í skólanum og/eða að láni hjá starfsfólki.

Vel á þriðja hundrað manns mættu í kaffi eftir sýningu í anddyri og sal Miðgarðs.

Leikskrárgerð var í höndum Sigrúnar Benediktsdóttur og prentuð voru 130 eintök og kláruðust þau öll. Íris Olga Lúðvíksdóttir tók árshátíðina upp og að þessu sinni var send út slóð á Youtube til að horfa á.



Sara Gísladóttir og Sigrún Benediktsdóttir

Bókasafn Varmahlíðarskóla

Starfsskýrsla veturinn 2016 - 2017

Bókasafnið var opið allan skóladaginn, fjóra daga vikunnar og á þeim tíma gátu nemendur skólans og starfsfólk fengið bækur að láni. Nemendur 1. – 3. bekkjar fengu bókakassa lánaða til að hafa í stofunum og var skipt um þá annað slagið. Einnig fengu



Bókasafn Varmahlíðarskóla

margir bekkir tímaritaöskjur að láni til skemmri tíma og var Andrés Önd vinsælastur. Safnið var opið fyrir almenning eftir hádegi á mánudögum og fimmtudögum kl. 14:00 – 16:00 og voru það allnokkrir sem nýttu sér það, þó að ýmsir kæmu á öðrum tímum sem hentuðu þeim betur. Á safninu er gott úrval skáld- og fræðiritra, bæði fyrir börn og fullorðna og nokkur eru til á hljóðbókum. Þar er einnig að finna tímarit, myndbönd og mynddiska. Fjárframlög til safnsins frá rekstraraðilum skólans hafa jafnan verið rausnarleg og gert okkur kleift að bæta verulega við safnkostinn á hverju ári.

Nemendur 1. - 6. bekkjar voru í formlegri safnkennslu einn tíma á viku og eldri nemendur fengu aðstoð við heimildaöflun ýmiss konar og gátu unnið á safninu eftir þörfum. Nemendur í eldri bekkjum sem læra norsku og sænsku í stað dönsku sinntu fjarnámi á safninu. Einnig er safnið mikið notað til sérkennslu ýmiss konar. Listaverk eftir nemendur, unnin í myndmennt, eru jafnan höfð til sýnis á bókasafninu.

Nemendur 1.- 5. bekkjar unnu að ýmsum safnaverkefnum og hlustuðu á sögur, auk myndgerðar. 6. bekkingar unnu veggspjöld um áhugamál, glærुकynningu um bæinn sinn/húsið sitt auk þess sem þau bjuggu til stuttmyndir til að kynna skemmtilegar bækur.

Nemendur á miðstigi voru afar duglegir að fá bækur að láni á safninu. Mjög misjafnt er eftir bekkjardeildum hve börnin eru dugleg að lesa og virðist þar hvatning bekkjarkennara hafa mikið að segja. Lestrarátak var í gangi allan veturinn og fjölgaði það ferðum á bókasafnið en ekki er alveg víst að eldri nemendur hafi þó alltaf verið mjög duglegir að lesa. Haldið var upp á *Bangsadaginn* miðvikudaginn 27. október. Þá komu margir bangsar (og ýmis önnur kvikindi) og eigendur þeirra í heimsókn á bókasafnið.



Safnið tók þátt í *Norrænu bókasafnavikunni*, 14. – 20. nóvember, og var þemað í ár *Fram-tíðin á Norðurlöndunum*. Bækurnar sem lesið var úr voru barnabókin *Garmanns sommer* eftir Stian Hole og *ALLATTA! 2040* (30 smásögur skrifað 10 grænenskum ungmennum).

Vakin var athygli á þeim bókum og höfundum sem fengu viðurkenningar um veturinn og atburðum tengdum bókum. Sjöunda árið í röð bauð IBBY á Íslandi til stærstu sögustundar á landinu til þess að fagna alþjóðadegi barnabókarinnar sem er 2. apríl. Að þessu sinni var það smásagan Stjarnan í Óríon eftir Hildi Knútsdóttur sem var lesin upp í útvarpi allra landsmanna og söfnuðust nemendur og starfsfólk saman í setustofunni til að hlusta.

Nemendur 1. – 7. bekkjar tóku þátt í atkvæðagreiðslu um *Bókaverðlaun barnanna* sem voru afhent í Borgarbókasafninu á sumardaginn fyrsta.

Lestraráttak var í skólanum í allan vetur eins og fyrr segir. Yngri nemendur tóku einnig þátt í Lestraráttaki Ævars vísindamanns. Þá tóku nemendur 3. bekkjar þátt í sérstökum jólabóka-lestrarspretti.

Vakin var athygli á bókum þeirra höfunda sem voru efst á baugi hverju sinni t.d. þeirra sem hlutu viðurkenningar eða heimsóttu skólann, s.s. Ævars vísindamanns, Kristínar Tómasdóttur og Þorgríms Þráníssonar.

Í sumar verður bókasafnið opið hálfsmánaðarlega, tvo tíma í senn, og er nemendum 1.- 5. bekkjar boðið að taka þátt í svokölluðum *sumarlestri*. Tilgangurinn með því er að hvetja til lestrar yfir sumartímenn því það er viðurkennd staðreynd að þeim sem eru að læra að lesa fer oft aftur á sumrin. Verður þetta í fjórtánda sinn sem boðið er upp á sumarlestur og almennt hefur verið gerður góður rómur að þessu verkefni. Allir nemendur, fjölskyldur þeirra og starfsfólk skólans eru velkomin á safnið á opnunartíma í sumar.

Næsta vetur er stefnt að því að vinna nánar með bekkjarkennurum að verkefna- og þemavinnu ýmiss konar, þar sem safnið verði nýtt meira til upplýsingaleitar og heimildavinnu ýmiss konar.

Bókasafnið var opið sem hér segir:

Mánudaga kl. 8:20 – 16:00 (kl. 14:00 – 16:00 fyrir almenning)

Þriðjudaga kl. 8:20 – 14:00

Miðvikudaga kl. 11:30 – 15:00

Fimmtudaga kl. 8:20 – 16:00 (kl. 14:00 – 16:00 fyrir almenning)

Útlán veturinn 2016 - 2017

Á miðjum vetri var skipt um útlánakerfi, hætt var að nota Alísu og farið að nota Gegni. Útlánatölur eru því ekki marktækar þar sem ekki tókst að geyma afrit af gamla kerfinu. Einnig voru allmargar bækur fengnar í millisafnaláni frá Héraðsbókasafni Skagfirðinga.

Sumarlestur 2016

Sumarið 2016 var í þrettánda sinn boðið upp á sumarlestur í Varmahlíðarskóla. Var hann ætlaður nemendum í 1.-5. bekk og markmiðið að hvetja yngri nemendurna til að lesa að sumrinu því kannanir hafa leitt í ljós að börnum sem eru að læra að lesa fer mjög oft aftur í lestri á sumrin.

Nemendur voru sendir heim með kynningarbréf og þátttökutilkynningu, þar sem foreldrar voru beðnir að vera með í ráðum og hvetja börn sín til að taka þátt, auk þess að hjálpa þeim að setja sér raunhæf markmið um hve mikið þau ætluðu að lesa.

43 nemendur skráðu sig til leiks og af þeim tóku 32 virkan þátt og stóðu við sett markmið. Þau börn sem tóku þátt fengu send viðurkenningarskjöl, litla gjöf og gjafabréf fyrir ís að eigin vali sem K.S. Varmahlíð var svo vinsamlegt að gefa. Ekki voru veittar sérstakar viðurkenningar þeim sem lásu mest en verður það tekið til athugunar næsta haust.

Bókasafnið var opið hálfsmánaðarlega, tvo tíma í senn, alls fimm sinnum. Aðsókn var mjög góð og nemendum fylgdu foreldrar og systkini sem einnig fengu bækur að láni. Auk þess lásu nemendur heilmikið af bókum sem til voru heima hjá þeim eða fengnar að láni annars staðar. Sumarlesturinn hefur fest sig í sessi og boðið verður upp á hann aftur næsta sumar. Þess má að lokum geta að þetta verkefni hefur þrisvar sinnum fengið rausnarlegan styrk úr *Sáttmálasjóði K.S.*



Varmahlíðarskóla 31.05.2016,
Ragnheiður Sövik.

SKAGAFIRÐI

Byrjendalæsi



Kennsluaðferðin Byrjendalæsi var kennd í 1.-3. bekk í vetur. Með henni er lestrarkennsla með öðru sniði en hefðbundin hljóðaaðferð. Aðferðin er samvirk þar sem unnið er með hlustun, lestur, tjáningu og ritun jöfnum höndum.

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta, í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphafslega textans.

Í vetur byrjaði hver vika á lestri sögubókar. Notaðar voru vinsælar barnabækur sem innihéldu litríkar myndir og merkingarbæran texta. Unnið var með lykilorð upp úr bókinni og nemendum 1. bekkjar voru kenndir tveir stafir úr lykilorðinu. Lykilorðið var klippt í sundur og því raðað saman aftur og fundin orð í orðinu. Stafainnlögn var markviss tvo daga í viku, þá einn stafur í senn.

Á mánudögum byrjuðu bekkirnir lestur bókarinnar. Á miðvikudögum var stöðvavinna með ýmiss konar verkefnavinnu. Á þriðjudögum var spjallað um bókina og síðan fórum við í hópaverkefni. Á fimmtudögum sýndum við afrakstur vinnu nemenda frá þriðjudeginum. Þegar það átti við var bók vikunnar samþætt verkefnum í náttúru- og samfélagsfræði.

Alla vikuna var unnið með texta bókarinnar á mismunandi hátt, s.s. spil, krossgátur, orðasúpur eða sóknarskrift. Á þriðjudögum voru unnin ritunarverkefni, s.s. sögugerð, leikrit, söguvegur eða bréfaskrift. Stundum var fönðrað og teiknaðar myndir. Nemendur unnu minna í hefðbundnum vinnubókum.

Formlegri stafainnlögn lauk í febrúar og þá var farið að vinna með hugtök eins og samsett orð, mismunandi merkingu sama orðs og rím.

Nemendur unnu oft í hópum eða hringekju. Kennarar eru sammála um að vinnugleði hafi einkennt nemendur en það var meiri hreyfing og erill í kennslustundum en með hefðbundinni kennsluaðferð. Með því að láta nemendur vinna í hópum þá myndast ákveðið svigrúm til að vinna ítarlega með einstaka nemendur.

Nemendur lásu í heimalestursbókum einu sinni á dag og var það eina heimavinnan sem tilheyrði Byrjendalæsi.

Birgitta Sveinsdóttir, Þyrey Hlífarsdóttir og Sara Gísladóttir



Danmerkurferð 10. bekkjar

Farið var til Kaupmannahafnar þann 15. maí og komið aftur til Reykjaness þann 18. maí. Með í för ásamt 10. bekkingum, 16 talsins, voru Helga Rós Sigfúsdóttir umsjónarkennari og fararstjóri, Ólafur Atli Sindrason dönskukennari og fararstjóri og Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir skólaliði og fararstjóri. Lagt var af stað frá Varmahlíðarskóla um klukkan 23:15 þann 14. maí áleiðis til Keflavíkur og komið þangað rétt um kl. 4:15 um morguninn 15. maí, en stutt stopp var tekið í Olís í Borgarnesi á leiðinni. Þó komið sé snemma á flugvöllinn er gott að hafa tíma upp á að hlaupa – ef eitthvað gerist á leiðinni.

Öll ferðin var greidd af nemendum sjálfum – sem með sérstökum dugnaði og skipulagi, ásamt dyggilegum stuðningi foreldra sinna og samfélagsins alls, söfnuðu fyrir ferðinni. Undantekningalítið var nemendum mjög vel tekið þegar þeir leituðu stuðnings nærsamfélagsins.

Gist var á CABIN City hóteli - í miðborg Kaupmannahafnar. Aðstaða þar var góð – þægileg stærð á öllu. Staðsetning vegur þungt á metum þar sem röltfæri er á Aðaljárnbrautarstöðina, Tívolí, Ráðhústorg og Strikið. Nemendur skoðuðu söfn í Kaupmannahöfn m.a. Rundetårn, Tøjhusmuseet, Ripley's (furðusafnið), Blá Planet sædýrasafnið o.fl. Einnig var farið í síkjasiglingu, Tívolí og Bakken, ásamt veitingahúsum, að ógleymdu Strikinu.

Ferðin þótti takast með afbrigðum vel og voru nemendur og kennarar afar ánægðir þegar heim var komið. Lending á Reykjanesi var um kl. 14.10 þann 18. maí og heim í Skagafjörðinn vorum við komin um kl. 21.00.

Gildi slíkra ferða þarf vart að tíunda. Þó svo að flestir nemendur hafi ferðast til útlanda og séu vanir ferðalögum er alltaf gaman að ferðast í góðum hópi undir leiðsögn staðkunnugra. Að ferðast til annarra landa opnar huga nemenda fyrir því sem ólíkt er hinu vanalega á heimaslóðum, gerir nemendur víðsýnni og þroskar með þeim alþjóðlega samfélagsvitund. Slíkt ber ekki að vanmeta – þó svo skemmtigildi ferðanna sé auðvitað það sem nemendur einblína fyrst og fremst á.

Helga Rós Sigfúsdóttir og Ólafur Atli Sindrason

Félagsmál 1.-6. bekkjar

Félagsmál 1. - 6. bekkjar snúast að mestu leyti um bekkjarskemmtanir og árshátíðina. Bekkjarskemmtanir eru haldnar tvisvar á skólaári; einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót. Á þessum skemmtunum koma nemendur með veitingar eða útbúa ásamt kennara sínum. Farið er í allskonar leiki og/eða horft á mynd. Hver umsjónarkennari skipuleggur þær með sínum umsjónarnemendum. Flestar skemmtanir eru haldnar eftir skólahald. Árshátíð yngri nemenda var haldin í nóvember og þar taka þátt allir nemendur í 1.-6. bekk í sameiginlegri leiksýningu. Á eftir sýningu er diskótek og kaffiveitingar.

Sara Gísladóttir

Félagsmál 7. - 10. bekkjar

Veturinn 2016-2017 var starfandi nemendaráð við skólann eins og aðra vetur og var það skipað tíu nemendum úr 7. - 10. bekk. Framboðsfundur var haldinn, þar sem þeir nemendur sem buðu sig fram sem fulltrúa í nemendaráði, fluttu framboðsræður fyrir framan bekkjarfélaga sína sem síðan kusu á milli. 10. bekkjar frambjóðendur fluttu sínar ræður fyrir framan 7. - 10. bekk sem síðan kusu formenn nemendaráðs.

Nemendaráð 2016-2017:

- Ari Víkingsson (formaður)
- Berglind Gunnarsdóttir (formaður)
- Dalmar Snær Marinósson (varamaður)
- Freyja Kolbrá Stefánsdóttir (varamaður)
- Aníta Ýr Atladóttir
- Guðný Rúna Vésteinsdóttir (varamaður)
- Ásta Aliya Friðriksdóttir
- Jón Hjálmar Ingimarsson (varamaður)
- Einar Kárason
- Katrín Ösp Bergsdóttir (varamaður)

Fundir voru einu sinni í viku til að byrja með, en eftir að allt var komið af stað voru fundir þegar þess þurfti. Nemendaráð skipulagði diskótekin og félagsstarfið almennt með Sólrúnu Jónu Ásgeirsdóttur sem sá um að halda utan um félagsmálin í vetur fyrir hönd skólans. Starfsmaður frá Húsi frítímans kom til aðstoðar annan hvern fimmtudag. Einu sinni í mánuði voru diskótek á fimmtudögum, frá kl. 18:00-21:00. Þá daga voru félagsmál frá kl. 16:00-18:00 og matur kl. 18:00-18:30. Þá fimmtudaga sem voru bara félagsmál voru þau frá kl. 16:00 - 18:00. Félagsmálin voru tvisvar í mánuði að jafnaði.

Ýmislegt var brallað í vetur, t.d. dansað, haldin kósý stund og horft á mynd, spurningarkeppni og íþróttakeppni á milli bekkja og margt fleira skemmtilegt. 8. maí var síðasti félagsmáladagurinn og þá var farið í rafting með Viking rafting niður Húseyjarkvíslina. Lagt var af stað rétt fyrir kl. 15 og komið aftur í skólann kl. 17. Þá fóru allir í sund og foreldrafélagið sá svo um að grilla handa okkur hamborgara.

Hús frítímans bauð upp á í vetur, eins og síðustu ár, að nemendur frá 4. bekk og upp úr kæmu á föstudögum í hinar ýmsu smiðjur þar. Einnig gekk skíðastrætó þegar þannig viðraði. Fríundastrætó gekk frá seinniparti október til aprílloka á föstudögum kl. 13:20 - 17:00.

Nemendur í 8. - 10. bekk tóku einnig þátt í hinum ýmsu félagsmálum á vegum félagsmiðstöðvarinnar Friðar, t.d. Söngkeppni Friðar og ýmsu öðru.

Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir

Frá foreldrafélagi

Aðalfundur foreldrafélags Varmahlíðarskóla var haldinn í byrjun október 2016. Valgerður Inga Kjartansdóttir gekk úr stjórn og í hennar stað var kosin Ragnhildur Jónsdóttir til tveggja ára. Stjórn félagssins var því þannig skipuð skólaárið 2016-2017; Helga Sjöfn Helgadóttir formaður, Atli Már Traustason ritari og Ragnhildur Jónsdóttir gjaldkeri. Varamenn eru Guðrún Kristín Eiríksdóttir og Vagn Þormar Stefánsson. Kosnir voru bekkjafulltrúar foreldra úr hverjum bekk og ákveðið var að allir foreldrar í 5. bekk yrðu í öskudagsnefnd. Foreldrafélagið niðurgreiddi leikhúsmiða um 1000 kr. fyrir nemendur í 1.-6. bekk á sýningu hjá Leikfélagi Sauðárkróks. Í lok nóvember var aðventuhátíð í höndum bekkjafulltrúa foreldra. Í febrúar sáu foreldrar í 5. bekk um öskudagshátíð í íþróttahúsinu. Á lokadegi félagsmála eldri nemenda 8. maí, sáu nokkrir foreldrar um að grilla ofan í unglingana og foreldrafélagið keypti gos með grillmatnum.

Stjórn foreldrafélags Varmahlíðarskóla

Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni grunn- og leikskóla. Það byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans fyrir skólaveru. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel og ýmsir bekkir skólans hafa farið í heimsókn á leikskólann. Þar hefur verið leikið, lesið og sungið. Markmiðið er að börnin komi í kennslustundir í sem flestum námsgreinum skólans.

Skólahópurinn hefur m.a. komið í ensku með 8. bekk, myndmennt með 2. bekk, heimilisfræði með 5. bekk og tölvukennslu með 3. bekk.

Einnig hafa yngstu bekkir skólans og skólahópur leikskólans farið saman í vettvangsferðir um nágrenni skólanna að vori og hausti. Skólahópurinn hefur fengið að koma á lokaæfingu fyrir árshátíð yngri nemenda og 1. bekkur á útskrift skólahóps. Teljum við þetta verkefni hafa gengið mjög vel og ekkert nema gleði og gaman sem hefur fylgt því.



Birgitta Sveinsdóttir og Sara Gísladóttir



Heilsueflandi grunnskóli

Í heilsueflandi teymi sitja: Bryndís Bjarnadóttir, Sigurlína Einarsdóttir, Lára Gunnðís Magnúsdóttir, Sigfríður Halldórsdóttir, Hanna Dóra Björnsdóttir, fulltrúi foreldra er Laufey Haraldsdóttir. Fulltrúar nemenda voru Helgi Mednis Guðmundsson og Ásta Aliya Friðriksdóttir.

Í skólabyrjun var haldin hreyfidagur þar sem boðið var upp á minigolf, loftbolta, klifur, þrautir og sundfjör. Yngri nemendur notuð hluta dagsins í hjólaferð niður í Vallhólma. Dagurinn heppnaðist vel og var góð byrjun á skólaárinu.

Markmið vetrarins var lífsleikni og vegna úthlutunar styrks úr Lýðheilsusjóði fengum við heimsóknir í vetur með áherslur á sjálfstyrkingu. Þóra Tómasdóttir og Guðni Fritzon komu og héldu fyrirlesturinn *Út fyrir kassann* fyrir nemendur unglíngastígs. Þorgrímur Þráinsson kom og hitti 9. og 10. bekk og hélt fyrirlesturinn *Vertu ástfanginn af lífinu*. Einnig talaði Þorgrímur við 7. og 8. bekk um *sterka liðsheild*.

Hans Jónsson kom og kynnti *Hinsegin Norðurland* fyrir nemendum í 7. – 10. bekk. Heimsókn hans var upplýsandi fyrir nemendur um samtök hinsegin fólks á Norðurlandi. Hann talaði einnig opinskátt um líf sitt við nemendur. Það að hann fæddist sem stelpa og fór í kynleiðréttingarferli.

10. bekkur heimsótti eldri borgara á Löngumýri fyrir áramót. Þar lásu nemendur og tóku í spil. Ekki tókst að koma á heimsókn 7. bekkjar eins og hefð er fyrir og er það miður.

Bryndís Bjarnadóttir, Lára Gunnðís Magnúsdóttir, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Heilsugæsla

Viðvera hjúkrunarfræðings í Varmahlíðarskóla var einu sinni í viku, þriðjudaga frá kl. 9:00 - 12:10.

Verkefni hans eru m.a. líkamsskoðanir hjá nemendum í 1., 4., 7. og 9. bekk og bólusetningar samkvæmt skema frá Landlæknisembættinu.

Þá er heilbrigðisfræðsla í 1. og 2. bekk þar sem fjallað er m.a. um handþvott, tannvernd og fræðslu um hjálma. Kynfræðsla og fræðsla um kynheilbrigði fer fram í 6., 7., 9. og 10. bekk. Fræðsla um tannheilsu og tannburstun í 1., 4. og 7. bekk og um hollustu og hreyfingu í 3., 5. og 8. bekk, einnig um líkamsímynd í 8. bekk. Fræðslan er í samráði við bekkjarkennara, náttúrufræðikennara, heimilisfræðikennara og fleiri.

Á viðverutíma leita nemendur til hjúkrunarfræðings með ýmis mál. Algengast er eftirlit með smásárum, minni háttar tognunum og þess háttar, beiðnir um eftirlit eins og t.d. að mæla hæð og þyngd sem og að athuga sjónskerpu.

Sigrún Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur



Litla upplestrarkeppnin

Við höfum upplestrarkeppnina með upplestri 4. bekkjar á sal, 16. nóvember á Degi íslenskrar tungu.

- Við skráðum okkur til leiks um miðjan janúar 2017 og fengum þá senda textana sem lesa skyldi.
- Fyrsta æfing fór fram í kennslustund 14. janúar (gekk mjög vel). Allir nemendur 4. bekkjar, átta talsins, tóku þátt.
- Höfum upp frá því æft einu sinni til tvisvar í hverri viku.

Upplestrarhátíðin sjálf var svo haldin mánudaginn 24. apríl í sal tónlistarskólans. Boðsgestir voru foreldrar og nemendur 3. og 5. bekkjar.

Skólastjórinn, Hanna Dóra Björnsdóttir, setti hátíðina, bauð gesti velkomna og gerði grein fyrir keppninni og markmiðum hennar. Síðan lék nemandi úr 5. bekk á harmonikku og auk þess léku tvær stúlkur úr sama bekk á píanó á milli atriða. Nemendur sáu sjálfir um kynningu atriða og fórst það vel úr hendi.

Gerður var góður rómur að upplestrinum og börnunum klappað lof í lófa í lokin. Það voru stoltir nemendur sem buðu gestunum upp á kaffi, djús og muffinskökur í öllum regnbogans litum sem þau höfðu sjálf bakað í heimilisfræði af þessu tilefni.

Það er okkar mat að vel hafi tekist til og ekkert nema ánægja fylgt þessu verkefni. Leggjum við því til að þessi viðburður verði árlegur í skólastarfinu hér í Varmahlíðarskóla.

Hafdís Guðlaug Skúladóttir og Ragnheiður Sövik

Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2016-2017 var námsráðgjafi í 50% starfi við Varmahlíðarskóla. Helstu verkefni hans voru einstaklingsviðtöl við nemendur og fræðsla í bekkjum um nám og störf, námstækni og framhaldsskólakerfið. Einnig má nefna þátttöku í bekkjarfundum og vinnu með samskipti og hópefli í nokkrum bekkjum. Námsráðgjafi sinnti ráðgjöf við kennara auk þess sem hann sat Nemendaverndarráðsfundi.

Haldinn var kynningarfundur í samstarfi við FNV þar sem nemendur 10. bekkjar og foreldrar þeirra fengu annars vegar kynningu á framhaldsskólakerfinu og hins vegar kynningu á FNV. Fulltrúar FNV kynntu námsframboð og félagslíf skólans auk þess sem þeir fóru yfir innritunarferlið. Einnig gafst 9. og 10. bekkjum kostur á að kynna sér námsframboð og húsakynni VMA og MA þegar farið var á undankeppni Skólahreysti á Akureyri. Þá fóru nemendur í 10. bekk í starfskynningar á vordögum en þá gátu nemendur kynnt sér tvö fyrirtæki eða starfsgreinar.

Helga Rós Sigfúsdóttir

Nýsköpunarkeppni grunnskóla



Tilgangur keppinnar er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig megi þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir.

Í vetur tókum við enn og aftur þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Verkefnið var kynnt nemendum í 5., 6. og 7. bekk, þar sem farið var inn á

heimasíðu keppinnar og skoðuð myndbönd og kynningarefni. Nemendur höfðu frjálst val um hvort þeir tækju þátt eða ekki, en langflestir kusu að taka þátt, ýmist sem einstaklingar eða í pörum. Þá fengu nemendur tíma með kennara í kennslustundum í náttúrurfræði til að vinna að hugmyndaþróun. Ef hugmyndin var ekki fullunnin að þeim tíma liðnum, fóru nemendur með verkið heim og kláruðu það þar. Héðan úr skólanum fóru rétt um 30-40 hugmyndir frá þessum þremur bekkjum.

Það kom svo á daginn að fjórir nemendur úr Varmahlíðarskóla komust áfram í keppninni. Það voru þeir Indriði Ægir Þórarinsson og Óskar Aron Stefánsson úr 7. bekk með tvær hugmyndir, annars vegar var um að ræða *einfalda markatöng* og hins vegar *lyklaklemmu* .

Úr 6. bekk fóru þær Lilja Diljá Ómarsdóttir og Þóra Emilía Ólafsdóttir en þær voru með *barnabjargara* .





Það voru hugmyndaríkir krakkar úr 5. – 7. bekk sem komust áfram í vinnustofur og úrslit keppinnar með samtals 25 hugmyndir. Vinnustofurnar stóðu yfir í tvo daga og hófust fimmtudaginn 18. maí. Börnin unnu í tvo daga í HR að hugmyndum sínum, útbjuggu frumgerðir og kynningarspjöld sem voru til sýnis á lokahófinu. Einnig unnu börnin í vinnusmiðju í Arion banka að fjármálalæsi. Í vinnusmiðju NKG beittu hugmyndasmiðirnir sköpunar-

gáfu sinni við að útfæra hugmyndir sínar í það form sem lýsir henni best, með smíðum, saumum, teikningum, forritun og framsagnarpjálfun. Til leiðsagnar voru kennarar og nemendur HR og HÍ, fulltrúar frá SKEMA, FAFU og JCI á Íslandi.

Í lokahófi voru veitt verðlaun í þremur aðalflokkum. Þeir Indriði Ægir og Óskar Aron hrepptu 1. verðlaun í sínum aldurshópi fyrir Einföldu markatöngina og þær Þóra Emelía og Lilja Dilja hlutu 2. sæti í sínum flokk fyrir Barnabjargarann, þá hlutu þær einnig tæknibikarinn sem er fyrir notkun á tækni á rafeindasviði.

Birgitta Sveinsdóttir og Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Eineltisáætlun Olweusar

Í Varmahlíðarskóla var í vetur áfram unnið undir merkjum Olweusar, verkefnastjóri var Lára Gunnús Magnúsdóttir. Fimm lykilmenn, þeir Linda Gunnarsdóttir, Helga Rós Sigfúsdóttir, Sara Gísladóttir, Helga Sigurðardóttir og Birgitta Sveinsdóttir störfuðu í skólanum í vetur ásamt verkefnastjóra.

Bekkjarfundir voru haldnir reglulega í öllum bekkjum. Vinabekkir hittust 8. nóvember á Olweusardaginn, unnu saman og áttu góðar stundir. Olweusarkönnun var lögð fyrir nemendur í 4. - 10. bekk. Niðurstöður úr könnuninni bárust í janúar og voru í kjölfarið kynntar á starfsmannafundi. Helstu niðurstöður voru einnig kynntar nemendum auk þess sem skoða má þær í gagnasafni á heimasíðu skólans. Minna einelti mældist í skólanum en í fyrra. Starfsmenn lásu saman nokkra kafla í handbókinni á haustmánuðum. Það starf er hluti af endurinnleiðingarferlinu og verður framhaldið næsta vetur. Einnig sóttu kennarar námskeið um bekkjarfundi á vegum Miðstöðvar skólaþróunar á Akureyri. Leiðbeinandi var Sigríður Inga-dóttir

Lára Gunnús Magnúsdóttir

Skín við sólu Skagafjörður

Þennan sjötta vetur sem verkefnið „Skín við sólu Skagafjörður“ er lagt fyrir 5. bekk var unnið með ljóðið á ýmsan hátt. Að þessu sinni tóku bæði 4. og 5. bekkur þátt þar sem þeir voru í samkennslu.

Nemendur lærðu fyrsta og síðasta erindið utan að og æfðu sig að syngja þau með undirleik og undir stjórn Stefáns Gíslasonar og fluttu svo á skólaslitum. Einnig máluðu þeir myndir við hvert sitt erindi, t.d. var reynt að gera myndir af öllum fjöllum sem komu fram í erindunum, svo og ýmsum atburðum sem nefndir eru í erindunum, s.s. Flugumýrabrennu o.fl. Unnu nemendur þessar myndir í samráði við myndmenntakennarann sinn Írisi Olgu Lúðvíksdóttur og umsjónarkennarann Hafdís Skúladóttur og voru þær hafðar til sýnis á skólaslitum. Loks var farin vorferð og sögustaðir ljóðsins heimsóttir.

Hafdís Skúladóttir



Skólablaðið

Það er orðin venja að gefa út skólablað í tengslum við árshátíð yngri nemenda. Bláðið var selt á 1.000 kr. og eru þessir peningar nýttir í þágu nemenda. Skólablaðið var prentað í 50 eintökum. Blöðin seldust upp og voru fleiri prentuð eftir pöntunum. Auglýsingar fengust frá Vélaval fyrir 20.000 kr. Crossfit 550 kr. Hestasport og Bókhaldbjónusta Rögnu Hjartar upp á 10 þúsund krónur hvor.

Sara Gísladóttir



Skólahreysti

Í vetur var kennd Skólahreysti í valtímum eins og fyrri ár, mjög góð þátttaka er í valinu og mikill áhugi hjá nemendum að spreyta sig í ýmsum þrautum en auk skólahreystiþrautanna eru æfðar ýmsar þol og styrktaræfingar. Liðið til að keppa á Akureyri 26. mars var svo valið með ýmsum tímatökum og útreikningum og var keppni hörð aðalega hjá strákunum um að komast í liðið í ár en það fór svo að Andri Snær Tryggvason, Dalmar Snær Marinósson, Freyja Kolbrá Stefánsdóttir og Guðný Rúna Vésteinsdóttir urðu hlutskörpust og Kristmar Helgi Jónsson og Ásta Alyja sem varamenn. Farið var með 8.-10. bekk til Akureyrar til að styðja við keppendur í undanriðli skóla á Norðurlandi og var tíminn einnig nýttur til að skoða framhaldsskóla á Akureyri. Liðinu okkar gekk allt í haginn og voru í 6. sæti eftir samanlagðar hreystiþrautir og unnu svo hraðaðþrautina og stóðu þá uppi sem sigurvegarar riðilsins við mikinn fögnuð viðstaddra. Um 120 skólar af öllu landinu taka þátt í Skólahreysti og er það vel að verki staðið að komast í 12 liða úrslitin í Laugardalshöll í Reykjavík. Fljótlega eftir páskafríðið eða 26. apríl var svo brunað af stað aftur með 8.-10. bekk og litið aðeins í Kringluna í leiðinni, spennan var gríðarleg og stemningin mikil í höllinni þar sem allir voru mættir til að styðja sinn skóla og hafa sem mest læti en græna liðið var að sjálfsögðu lang flottast í allskonar búningum og með flögg og einhverjar furðuverur þvældust líka með. Keppendur okkar stóðu sig með stakri þryggni og enduðu í 8. sæti eftir mjög harða keppni og unum við mjög sátt við það. Haldið var aftur heim á leið um kl. 23 og mikið sungið og spjallað alla leiðina. Allur hópurinn gisti svo í skólanum við heimkomu og vaknaði við hressandi bjölluna um morguninn.

Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Sérkennsla og stuðningur við nemendur

Til að mæta ólíkum þörfum nemenda býður Varmahlíðarskóli upp á sérkennslu og stuðning af ýmsu tagi. Sérkennslu og stuðning við nemendur annast kennarar, sérkennari og stuðningsfulltrúar skólans. Sérkennsla/stuðningur getur verið kennsla einstaklinga eða lítilla hópa og fe fram í bekkjarstofu eða í sérkennslustofum, allt eftir því sem þykir henta hverju sinni. Stuðningsfulltrúar vinna með kennurum og veita einstökum nemendum stuðning, jafnt í kennslustundum sem utan þeirra, t.d. í matsal, í frímínútum og í íþróttahúsi. Umsjón með sérkennslu/stuðningi hefur deildarstjóri stoðþjónustu, Sara Regína Valdimarsdóttir.

Til grundvallar stuðningi liggur mat á stöðu einstakra nemenda, unnið innan skólans, eða greining frá viðurkenndum greiningaraðilum, svo sem sérkennara (lestrargreining) og /eða sálfræðingi Fræðsluþjónustu Skagafjarðar, talmeinafræðingi, Greiningarstöð ríkisins og öðrum. Einn liður í að greina erfiðleika og þörf fyrir stuðning er að skima nemendahópa. Kennarar skólans nýta sér skimunarpróf úr Skagfirsku skimunarmöppunni en allir grunnskólar Skagafjarðar vinna skv. henni. Þá voru í fyrsta sinn notuð lestrarpróf, Lesferill, sem gefin eru út af Menntamálastofnun og eru lögð fyrir í öllum bekkjum grunnskólans. Hér er yfirlit yfir þau skimunarpróf og prófniðurstöður sem skólinn nýtti sér s.l. skólaár:

- Leið til læsis í 1. bekk. Skimun í október.
- Lesferill. Leshraðapróf lögð fyrir í öllum bekkjum grunnskólans í september, janúar og maí. Fylgiprófin sjónrænn orðaforði, nefnuhæði og orðleysur eru lögð fyrir í ákveðnum árgöngum.
- LOGOS lestrarskimun í 3., 6. og 9. bekk fyrir þá nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum Lesferils um leshraða.
- Hraðapróf í lestri (atkvæðapróf) 4-5 sinnum að vetri í 2.-7. bekk.
- Talnalykill (stærðfræðiskimun) eftir áramót í 6. bekk.
- Lesskilningsprófið Orðarún að hausti í 3.-8. bekk.
- Aston Index stafsetningarathugun í 2.-7. bekk að hausti.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk.

Úrræði skólans við sérkennslu/stuðning eru margvísleg og miðast við hvern og einn einstakling eða hóp. Fyrir sérhvern nemanda sem einhvers stuðnings nýtur er gerð einstaklingsáætlun. Ávallt er gengið út frá bekkjarnámskrá og einstaklingsnámskrá löguð jafnt að henni sem þörfum einstaklings. Þegar einstaklingsáætlun iggur fyrir er hún send heim til kynningar og samþykktar foreldra. Einstaklingsáætlun er metin af stuðningskennara í janúar og maí og skrifuð skýrsla. Sem dæmi um úrræði má nefna aðlögun námsefnis, notkun kennsluforrita, notkun hljóðefnis og myndefnis á Netinu, notkun vinnubóka á rafrænu formi og notkun talgervla eins og Easy Tutor og Voice Dream Reader. Með spjaldtölvuvæðingu nemenda verður enn betur hægt að laga kennsluaðstæður og námsefni að þörfum hvers og eins. Stundum fá nemendur fleiri verklegar greinar í stað bóklegra ef það hentar þeim betur, einnig fá nemendur aðstoð og utanumhald við heimanám. Þá fá nemendur stuðning í prófum/námsmati ef óskað er og/eða kennari metur svo, þar má nefna upplestur spurninga og skriftaraðstoð, munnleg próf, lengdan tíma og næði í sérstofu.

Lagt er kapp á gott samstarf við heimili nemenda því samhent vinnubrögð og opin umræða eru forsendur þess að góður árangur náist við stuðninginn. Í mörgum tilfellum eru haldnir reglulegir teymisfundir með foreldrum, stuðningsaðilum innan skólans og deildarstjóra stoðþjónustu auk þess sem aðrir aðilar koma inn á fundi, svo sem ráðgefandi þroskaþjálfari frá Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar, talmeinafræðingur og sjúkraþjálfari. Æskilegt væri að vinnureglan væri sú að vegna allra nemenda sem sérlegs stuðnings njóta beri að halda 4 teymisfundir á ári að jafnaði.

Náms- og starfsráðgjafi.

Náms- og starfsráðgjafi starfar við skólann í 50% starfi.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð kom saman að jafnaði á 6 - 8 vikna fresti á starfstíma skólans.

Fundi ráðsins s.l. vetur sátu: skólastjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, skólahjúkrunarfræðingur, skólafulltrúi og fulltrúi frá Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar. Megintilgangur ráðsins er að bæta upplýsingaflæði á milli aðila sem vinna með nemendur sem eiga í erfiðleikum og leita ráða til úrbóta.

Talmeinafræðingur

Á vegum Fræðsluþjónustu Skagafjarðar er starfandi talmeinafræðingur. Hann kom tvisvar í mánuði í Varmahlíðarskóla og sinnti nemendum auk þess að veita ráðgjöf til kennara og stuðningsaðila.

Sálfræðingur

Sálfræðingur frá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar sinnti greiningarvinnu við skólann í vetur. Hann kemur aðeins einu sinni í mánuði hingað á svæðið. Hans vinna er því eingöngu greiningarvinna en einnig hefur hann boðið upp á símaráðgjöf við kennara einu sinni í mánuði. Málum vegna félagslegra vandkvæða og/eða tilfinningalegrar líðanar sem vísað er til sálfræðings eða sálfræðiráðgjafa hefur fjölgað mjög síðastliðna vetur.

Þá hefur skólinn á vegum Fjölskylduþjónustu aðgang að sálmeðferðarfræðingi sem hefur hitt nokkra nemendur skólans.

Sara R. Valdimarsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu

Stóra upplestrarkeppnin

Undankeppni Stóru upplestrarkeppninnar fór fram þriðjudaginn 28. febrúar í Varmahlíðarskóla. Nemendur stóðu sig allir með mikilli þrýði en þeir nemendur sem báru sigur úr bítum voru þau Katrín Ösp Bergsdóttir, Óskar Aron Stefánsson, Einar Kárason og Steinar Óli Sigfússon sem var valinn varamaður.

Tilgangur keppninnar er að efla áhuga og færni nemenda í upplestri og bókmenntum. Nemendur æfðu upplestur af miklum mót í allan vetur en í keppninni lásu þeir upp texta og ljóð að eigin vali. Dómarar keppninnar voru þau Trostan Agnarsson, Ásdís Hermannsdóttir og Helga Sjöfn Helgadóttir.

Lokahátíðin í héraði fór fram 28. mars í Bóknámshúsi Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra þar sem fulltrúar grunnskóla Skagafjarðar kepptu til úrslita og þar komst Einar Kárason í þriðja sæti.

Samvera á Löngumýri með Kammerkórnum á degi íslenskrar tungu 16. nóv., féll niður vegna veðurs og einnig féll niður samvera nemenda og eldri borgara á Löngumýri sem vera átti á vordögum.

Helga Sigurðardóttir

Stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans á Tröllaskaga

Nemendur í 9. bekk tóku þátt í stærðfræðikeppni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólans á Tröllaskaga. Tilgangurinn með þessari keppni er að auka áhuga nemenda á stærðfræði og þrautalausnum og efla tengsl grunnskóla á Norðurlandi vestra við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Menntaskólann á Tröllaskaga. Öllum nemendum í 9. bekk á Norðurlandi vestra, í Fjallabyggð og á Dalvík var boðin þátttaka. Af 17 nemendum sem komust áfram eftir forkeppnina var einn nemandi úr Varmahlíðarskóla, hún Jódís Helga Káradóttir og lenti hún í örðu sæti í lokakeppninni.

Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Sveitadagar vorið 2017

Sveitadagarnir voru fjórir að þessu sinni, dagana 9.-12. maí. Eins og síðastliðin ár, tóku allir nemendur skólans þátt í verkefninu. Nemendum var ætlað að sinna ýmsum störfum í sveitinni og skrifa dagbók um hvað á daga þeirra hafi drifið auk þess að svara nokkrum spurningum. Flestir nemendur unnu heima en aðrir voru í vist hjá vinum og vandamönnum. Nemendur og viðtakendur þeirra þurftu að fylla út matsblað um hvernig gekk og er óhætt að segja að allir sem þeim svöruðu hafi verið mjög jákvæðir og tilbúnir í svona verkefni að ári. Samkvæmt matsblaðinu voru nemendur yfirleitt vinnusamir og jákvæðir og skemmtu sér hið besta.

Ókunnur höfundur

Valgreinar í 8. – 10. bekk

Nemendur velja námskeið tvisvar á ári, annars vegar að hausti og hins vegar við annaskipti í janúar. Hlutfall kennslustunda í vali eru um það bil 22% af kennslu nemenda í unglingadeild og verður það einnig næsta skólaár. Í vetur var boðið upp á kennslu í valgreinum í 8., 9. og 10. bekk. List- og verkgreinar voru að venju stærsti hluti valsins. Kennt var í námskeiðsformi 4x í viku, 80 mínútur í senn. Í eftirfarandi töflu er hægt að sjá framboð valgreina undanfarnar annir.

Valgreinar - haustönn	Kennari
Almenn matreiðsla	Bryndís Bjarnadóttir
Bakstur	Bryndís Bjarnadóttir
Íþróttaval	Sigurlína Hrönn Einarsdóttir
Fab Lab	Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
Fjölmiðlun	Ólafur Atli Sindrason
Ha	Trostan Agnarsson
Landbúnaðarval	Ólafur Atli Sindrason
Leikskólaval	Starfsfólk leikskólans
Listasmiðja	Íris Olga Lúðvíksdóttir
Málmsmiði	Einar Örn Einarsson
Skólahreysti	Sigurlína Hrönn Einarsdóttir
Smíðar	María Eymundsdóttir
Stuttmyndagerð	Íris Olga Lúðvíksdóttir
Textílmennt	Þyrey Hlífarsdóttir
Tæknilegó	Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
UTN fjarnám fyrir 10. bekk	Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Valgreinar- vorönn	Kennari
Almenn matreiðsla	Bryndís Bjarnadóttir
Bakstur	Bryndís Bjarnadóttir
Bókarýni	Ólafur Atli Sindrason
Fab Lab	Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
Fiskur úr sjó	Bryndís Bjarnadóttir
Íþróttaval	Sigurlína Hrönn Einarsdóttir
Leikskólaval	Starfsfólk leikskólans
Landbúnaðarval	Ólafur Atli Sindrason
Land, líf og söngur	Trostan Agnarsson
Málmsmíði	Einar Örn Einarsson
Myndlist	Íris Olga Lúðvíksdóttir
Skólahreysti	Sigurlína Hrönn Einarsdóttir
Smíðar	María Eymundsdóttir
Textílmenn	Þyrey Hlífarsdóttir
UTN fjarnám fyrir 10. bekk	Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
Þjóðleikur	Íris Olga Lúðvíksdóttir
Hestamenska	Í samvinnu við Háskólann á Hólum
IKG 102	Í samvinnu við FNV

Grunnskólanemendum á Norðurlandi vestra hefur verið boðið að sækja nám í áfanganum IKG 102 við FNV á Sauðárkróki. Kennt var tvær helgar, í janúar og febrúar. Meginmarkmið þessa verkefnis er að ná til nemenda utan Sauðárkróks. Nemendur úr 9. bekk fengu þetta tilboð og að þessu sinni nýttu 12 nemendur sér það. Fjögurra daga námskeið í hestamensku hefur verið í boði fyrir 9. bekkina á vegum nema við Háskólann á Hólum. Að þessu sinni nýttu 17 nemendur sér námskeiðið sem haldið var í febrúar.

Nemendur fengu sem fyrr að koma með sínar hugmyndir að valgreinum og var reynt að taka tillit til þess í framboði á valgreinum.

Lára Gunnís Magnúsdóttir

Vinaliðaverkefnið

Þetta skólaár hefur Varmahlíðarskóli, eins og aðrir skólar í Skagafirði, verið þátttakandi í verkefninu Trivselsprogrammet eða Vinaliðaverkefninu eins og við höfum kosið að kalla það. Guðjón Örn Jóhannsson og Gestur Sigurjónsson hafa haldið utan um verkefnið í vetur en verkefnastjórar hér hafa verið undirritaðar.

Verkefnið gengur út á að nemendur í 4. - 6. bekk skipuleggja og stjórna leikjum í frímínútum. Þeir nemendur sem stjórna leikjunum nefnast vinaliðar. Þeir eru valdir af bekkjarfélögum sínum og starfa einu sinni í viku, hálf skólaár í senn. Þeir fá sérstaka þjálfun fyrir sín störf m.a. leikjanámskeið og einnig umbun í formi fríðindakorts og lokahófs. Vorum við með 6 vinaliða eða tvo úr hverjum árgangi í 4. – 6. bekk, stelpu og stráki, eða 12 yfir skólaárið.

Í vetur var verkefnið einnig á unglíngastigi en þar þurfa nemendur að bjóða sig fram og valið er úr hópi þeirra sem það gera þess má geta að vinaliðar nýttu salinn í íþróttahúsinu.

Aðalmarkmiðið með verkefninu er að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almennri hreyfingu í frímínútunum og skapa um leið betri skólaanda. Einnig að bjóða nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í morgunfrímínútum þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Reynsla okkar í vetur sýnir að störf Vinaliða ýta undir fjölbreyttari leiki, betri samskipti nemenda og vinskapar þvert á aldur. Gaman hefur verið að sjá hvernig nemendur skemmta sér í leik hvort sem um er að ræða gamla og góða leiki eða nýja.

Hafdís Edda Stefánsdóttir, Sara Gísladóttir og Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir



Vorferð 1. – 3. bekkjar

Þriðjudaginn 16. maí fóru nemendur 1. – 3. bekkjar í sameiginlegt skólaferðalag. Nemendurnir voru 29 og fóru 5 starfsmenn með þeim.

Nemendur komu í skólann að morgni skóladags, fóru beint í morgunmat og smurðu sér samloku. Um kl. 9 var farið með rútu fram í Aldamótaskógin við Steinsstaði. Þar plötuðum við 350 birkiplöntum. Við höfðum fengið 10 plöntustafi að láni hjá Ragnheiði í Marbæli og vorum með 5 kg af blákorni meðferðis. Krakkarnir unnu saman í 10 hópum. Gróðursetningin gekk mjög vel í blíðskaparveðri. Að henni lokinni borðuðum við nesti í skóginum. Um kl. 10:30 lá leiðin fram á Stórhól. Þar fengum við að skoða geitur og fengu krakkarnir að halda á kiðlingum. Þá voru hvolpar á bænum sem vöktu mikla gleði og ánægju. Einnig voru þar endur sem við fengum að gefa brauð. Þá tóku krakkarnir þátt í ratleik sem hófst á Stórhóli og hélt áfram á næsta áfangastað sem var Lýtingsstaðir. Við vorum komin fram í Lýtingsstaði um kl. 12:00. Þar fengu krakkarnir að skoða torfhesthúsin og réttina og fengu fræðslu í leiðinni. Svo þurfti aðeins að röltu um til að klára ratleikinn. Þá fengum við að nota aðstöðuna í bragganum, grilluðum pylsur og sykurpúða og borðuðum inni. Um kl. 13:00 ókum við svo sem leið lá heim í Varmahlíð og enduðum ferðina okkar á sundlaugarpartýi í Sundlaug Varmahlíðar. Var það mjög gaman, með tónlist á bakkanum og vatnssulli og öllu tilheyrandi.

Þess má geta að við vorum einstaklega heppin með veður og voru krakkarnir leystir út með gjöfum á báðum bæjunum – ís, ferðabæklingi um Skagafjörð, bókamerki og póstkorti og var mikil ánægja með ferðina.

Birgitta Sveinsdóttir, Sara Gísladóttir og Þrey Hlífarsdóttir



Vorferð 4. og 5. bekkjar

Fimmtudaginn 18. maí var lagt af stað í vorferð þá sem beðið hafði verið með óþreyju. Brottför frá skólanum var klukkan 8:45 og höfðu nemendur þá fengið sér morgunverð og voru því vel undir ferðina búnir. Að þessu sinni fóru tveir bekkir saman í ferðina enda höfðu þeir verið í samkenndu þennan vetur og unnið saman að margs konar verkefnum.

Þennan dag átti að skoða ýmsa staði sem um er fjallað í ljóðinu Skín við sólu. Fyrst var ekið að Kringlumýri og staldrað við í Kakalaskála. Þar tók Sigurður Hansen á mótí hópnum og sagði stuttlega frá átökum í Skagafirði á Sturlungaöld. Þar á eftir sýndi hann hópnum sýningarsvæði sem hann hefur unnið að í vetur og lýsti því hvernig það myndi nýtast.

Frá Kakalaskála var haldið út í Hofsós. Þar var staldrað við á þremur stöðum. Vesturfarasetrið var fyrsti viðkomustaður. Valgeir á Vatni tók á mótí okkur og sagði sögur af þeim sem höfðu yfirgefið landið og helstu ástæður þess raktar. Einnig var sagt frá því að fólk hafi einnig farið til Brasilíu til þess að freista gæfunnar.

Þá var komið að sundferð. Eftir hana var staldrað við um stund í búð og keypt létt hressing til síðdegis. Þaðan var haldið heim að Hólum. Farið var í kirkjuna og tók Laufey þar á mótí

hópnum. Sagði frá altarástöflunni, rakti sögu kirkjunnar og staðarins og svaraði þeim spurningum sem vöknudu.

Áður en haldið var í grillið fóru nemendur í skoðunarferð upp í klukkaturinn og héldu svo á grillstaðinn en þar biðu pylsur sem runnu út.

Á leiðinni heim var staldrað við á Reynistað en þar söng hópurinn Skín við sólu og hélt svo heim glaður í bragði eftir að hafa séð og talað um allmarga staði sem minnst er á í ljóðinu góða.

Bryndís Bjarnadóttir, Ragnheiður Sövik og Trostan Agnarsson

Vorferð 6. bekkjar 15. – 16. maí

Eins og undanfarin ár var farin hjólaferð í Heiðarland, gangnamannakofa Blöndhlíðinga en hann er staðsettur við rætur Öxnadalsheiðar að vestan. Farið var á mánudegi og var byrjað á að borða morgunmat í skólanum og smyrja samloku í nesti sem yrði borðuð síðar um daginn. Lagt var af stað með rútu um klukkan 13:00 frá Varmahlíðarskóla og ekið sem leið lá að



Gætt sér á nesti við Kotárgil

Skeljungshöfða sem er rétt við afleggjarann á Kjálka. Nemendur ásamt tveimur hjólum fóru með rútu en bíll með kerru flutti flest hjólin og var hann með í för alla leið í skálann. Við Skeljungshöfðann stukku allir á bak hjólhestum sínum og var hjólað sem leið lá eftir gamla þjóðveginum með stoppi við Kotárgil. Gengið var upp í gilið og tók sú för ekki nema rúmlega hálf tíma þrátt fyrir að hafa farið alla leið að fossinum. Næst var

sest niður við gilið og gætt sér á fyrr nefndum samlokum og kexi með Svala áður en för var haldið áfram. Næst var stoppað við bæinn Kot svona til að kasta mæðinni og sameina hópinn sem var orðinn verulega sundurslitinn. Þegar komið var í skálann var svefnloftið kannað og svo farið út í leiki, aðallega í yfir. Um kvöldið var gripið í margskonar spil auk þess að ærslast á svefnloftinu. Alla vega gekk að koma nemendum í ró þar sem nokkrir voru með svolitla heimprá auk þess sem veðrið sem hafði verið



Hjólreiðakappar ferðarinnar

afar gott um daginn hafði breyst í rok og rigningu með tilheyrandi látum og gerði það að verkum að sumir áttu verulega erfitt með að festa svefn. Óli lokbrá náði öllum að lokum og sváfu flestir til næsta morguns. Nokkrir nemendanna voru komnir á fætur klukkan sex en allir voru komnir á ról um klukkan 8:00 og fengu sér morgunverð, húsið var þrifið hátt og lágt og gengið frá öllu. Farið var út í leiki í smá stund en lagt var af stað til baka um klukkan 10:30 og gekk sú ferð mun hraðar en daginn áður. Hjólað var á Skeljungshöfðann og þar var stefnan tekin upp á eftir gamla veginum og hjólað sem leið lá í Silfrastaði þar sem Eskil ábúandi þar hafði boðið öllum í afmæli. Komum við þangað um klukkan 12:00 og fengu farastjórnir pizzu í boði húsfreyjunnar áður en þeir héldu áfram í Varmahlíðarskóla en þangað komu þeir um klukkan 13:30. Með í ferðinni voru Sigrún Ben og Sigurlína Einarsdóttir sem hjóluðu með nemendum. Á bílnum fyrri daginn var Helga Þorbjörg en þann seinni Sif Káradóttir.

Sigrún Ben og Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Vorferð 7.- 9. bekkjar

Mánudaginn 15. maí var farin ævintýra- og menningarferð í Húnaþing. Valinn hafði verið sólríkur dagur til fararinnar til þess að upplifunin yrði sterkari og minningarnar festust betur. Fyrri hluta dagsins var varið á Skagaströnd. Fyrst var staldrað við í Hólaneskirkju en þar tók séra Bryndís á móti hópnum, sagði stuttlega frá kirkjunni og steindu gluggunum. Þar á eftir var haldið í heimsókn í Höfðaskóla. Nemendur hittu þar jafnaldra sína og gátu rætt eitt og annað við þá og séð aðbúnað þeirra til daglegra starfa og borið saman við það sem kunnuglegt var á heimaslóð.

Að þeirri heimsókn lokinni biðu hópsins móttökur í Spákonuhofi, en þar var sagt frá Þórdísi spákonu, fjársjóði hennar og því hvernig mætti finna hann. Vöktu þær upplýsingar allmikla gleði og áhuga. Einnig var gamalt hús, Árnes, skoðað en þar var hægt á líta inn á dæmigert heimili frá því laust eftir 1900.

Eftir þessa fræðslustund gafst kostur á því að borða nestið sem smurt var um morguninn og að njóta hinnar miklu veðurbliðu. Eftir hádegið var gengið fyrir víkina og sem leið lá í sjávarlíftæknisetrið Biopol. Þar var sagt frá helstu rannsóknum sem fyrirtækið hefur unnið að, m.a. á hrognkelsum og þörungum.

Einnig fengu nemendur fræðslu um nýja deild innan fyrirtækisins sem verið var að stofna en þar á að veita frumkvöðlum aðstoð að aðstöðu til þess að vinna vörur og að koma þeim á markað.

Að þessu loknu var haldið í listamiðstöðina Nes en þar dvelja listamenn í fáeina mánuði í senn, tengjast samfélaginu eftir því sem kostur er og vinna þar að list sinni. Nemendur fengu færi á að skoða vinnu listamannanna og að ræða við þá um lífið og listina.

Áhugasömum gafst einnig færi á að heimsækja leikskólann Barnaból, en hann er Hjallastefnu-leikskóli og því að líkindum nokkuð ólíkur öðrum leikskólum sem nemendur þekkja.

Þegar þarna var komið sögu var komið fram á miðjan dag og því að verða tímabært að fara að fá meiri hressingu. Á Borginni fékk hópurinn hlaðborð og urðu allir mettir. Áður en staðurinn var kvaddur, með gleði og trega, gafst stutt stund til þess að kveðja gamla og nýja kunningja áður en haldið var á Blönduós. Þar var farið í sund og var því líkast sem sama sólin væri þar á himni. Eftir þá hreyfingu var haldið í íshressingu sem dugði vel yfir Vatnsskarðið. +

Helga Sigurðardóttir, Sigrún Gylfadóttir, Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir og Trostan Agnarsson